

Vegagerðin

Suðurhrauni 3

210 Garðabæ

30. júlí 2026

Efni: Krafa um undirgöng fyrir hestamenn undir Hringveg (1) austan Selfoss

Með erindi þessu er farið fram á að Vegagerðin tryggi undirgöng fyrir hestamenn undir Hringveg (1) austan Selfoss sem hluta af þeim samgönguframkvæmdum sem nú standa yfir við nýjan hringveg um Ölfusá.

Um er að ræða eitt stærsta samgönguverkefni landsins þar sem lagður er nýr 3,7 km kaflí Hringvegar, reist er 330 metra stagbrú yfir Ölfusá og byggt upp nýtt vegakerfi. Frá upphafi hefur verið vísað til þess í kynningu verkefnisins að tryggðar yrðu tengingar fyrir gangandi, hjólandi og **hestamenn**. Nú hefur hins vegar komið fram að undirgöng fyrir hestamenn eru ekki hluti af núverandi framkvæmd, heldur vísað til óskilgreinds „áfanga 2“ sem hvorki liggur fyrir með fjármögnun né tímasetningu.

Sú niðurstaða er að mati undirritaðra óásættanleg.

Með framkvæmdunum er aðgengi frá hesthúsahverfinu á Selfossi að umfangsmiklum reiðsvæðum norðan Hringvegar í reynd skert eða lokað. Á sama tíma og unnið er að uppbyggingu og skipulagningu nýrra reiðleiða norðan þjóðvegarins er ekki tryggð örugg tenging að þeim. Hestamenn á félagssvæði Hestamannafélagsins Sleipnis standa því frammi fyrir tveimur óviðunandi valkostum:

- Að missa aðgang að stórum og verðmætum reiðsvæðum, eða að fara með hesta í návígi við þunga og hraðskreiða umferð og þvera Hringveginn.

Hvorugur kosturinn samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til umferðaröryggis og aðskilnaðar mismunandi ferðamáta.

Sérstaklega vekur athygli að á sama tíma og stjórnvöld, Vegagerðin og Landsamband hestamannafélaga hafa lagt ríka áherslu á að bæta öryggi hestamanna með aðskilnaði frá akandi umferð, skuli grundvallaröryggisinnviðum fyrir hestamenn vera frestað um óákveðinn tíma. Ekki verður séð að það samræmist nútímalegum kröfum um umferðaröryggi að gera ráð fyrir reiðleiðum í návígi við þjóðveg með mikilli og vaxandi umferð. Þá er óásættanlegt að hestamenn þurfi að treysta á þveranir yfir Hringveginn eða aðrar umferðagötur, enda fylgir því veruleg slyshætta fyrir bæði ríðandi og akandi vegfarendur.

Sveitarfélagið Flóahreppur, í samstarfi við Hestamannafélagið Sleipni og landeigendur, vinnur nú að breytingum á aðalskipulagi Flóahrepps þar sem gert er ráð fyrir nýjum merktum

reiðleiðum norðan Hringvegar, meðal annars með tengingum að bökkum Ölfusár og Langholtsvegi fjær golfvelli og verslunarsvæðis. Því samnýting slíkra svæða er almennt ekki talin æskileg út frá öryggissjónarmiðum þar sem hún eykur líkur á óvæntum atvikum og getur skapað aðstæður sem geta valdið hættu. Sá ávinningur sem felst í þeirri uppbyggingu verður að verulegu leyti skertur ef örugg tenging frá hesthúsahverfinu með undirgöngum verður ekki tryggð samhliða þeim framkvæmdum sem nú eru í gangi.

Ótímasettur „áfangi 2“ getur því ekki talist fullnægjandi svar við þessu öryggis- og aðgengismáli. Í reynd felur slík afstaða í sér frestun nauðsynlegra öryggisúrbóta um óákveðinn tíma, á sama tíma og framkvæmdum miðar áfram og umferð eykst.

Með hliðsjón af framangreindu er þess krafist að:

- Undirgöng fyrir hestamenn verði tekin inn í núverandi framkvæmd við nýjan Hringveg um Ölfusá.
- Vegagerðin leggi fram skýra og bindandi áætlun um framkvæmdina, þar á meðal tímasetningu og fjármögnun.
- Tryggðar verði öruggar bráðabirgðalausnir sem uppfylla kröfur um umferðaröryggi þar til varanleg lausn hefur verið tekin í notkun.

Undirgöngum á þessum stað er ekki hægt að fresta. Þau eru nauðsynlegir öryggis- og samgönguinnviðir og forsenda fyrir því að núverandi og fyrirhugað reiðleiðakerfi nýtist með öruggum hætti.

Undirrituð skora því á Vegagerðina að endurskoða afstöðu sína og tryggja öryggi hestamanna og vegfarenda í núverandi framkvæmd.

Óskað er eftir skriflegum viðbrögðum við erindinu.

Virðingarfyllst,

Berglind Sveinsdóttir

Formaður Hestamannafélagsins Sleipnis

Bragi Bjarnason

Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborg

Hulda Kristjánsdóttir

Sveitarstjóri Flóahrepps

Linda Björk Gunnlaugsdóttir

Formaður Landssambands hestamannafélaga